

Leiðbeiningar um sótthreinsun


Eingöngu í klínískum tilgangi

Þessi leiðarvísir er hugsaður fyrir notkun AirFit™ N30 nefgrímu fyrir fleiri en einn sjúkling á svefnrannsóknarstofu, heilsugæslu eða sjúkrahúsi. Ef þú notar grímuna heima fyrir sem stakur notandi, sjá notendahandbókina fyrir hreinsunarleiðbeiningar. Notandinn ber ábyrgð á því að endurnotkun sé framkvæmd í samræmi við sannreyndar aðferðir ResMed.

Grímueining ¹	Hreinsun		Sannreyndur fjöldi hreinsana
	Lítið basískt, mínushlaðið hreinsiefni t.d. Alconox	neodisher MediClean forte	
	Sóttthreinsun með hita		
	Handvirkt	Sóttthreinsandi þvottavél	
• Púði	✓	✓	30
• Staðlað hólf	✓	✓	30
• QuietAir™ hólf ²	-	-	-
• Höfuðfestingar með tvískiptri ól	✓	✓	30

¹ Má vera að fáist ekki á öllum svæðum. Fyrir ítarlegar upplýsingar um rétta notkun grímunnar, sjá notendahandbókina. Fyrir lista yfir fáanlega varahluti, sjá vöruhandbók á ResMed.com

² Ekki endurnýtanlegt fyrir fleiri en einn sjúkling.



- A Höfuðfestingar með tvískiptri ól
- 1 Sylgja
- 2 Hnappagat
- 3 Endahlíf
- B Púði
- C QuietAir™ / Staðlað hólf
- 4 Jafnvægisstillir
- 5 QuietAir loftop
- 6 Loftop
- 7 Grímuslanga

Aðferð við sótthreinsun með hita

1. Að taka í sundur	Taktu grímuna í sundur í samræmi við leiðbeiningar í notendahandbókinni.
2. Hreinsun	<ol style="list-style-type: none"> Búðu til lausn úr lítið basisku, mínushlöðnu hreinsiefni og vatni¹ samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda. ResMed hefur sannreynt eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> • Alconox 1% styrkur (10 g/L) 30–55 °C Leggðu allar grímueiningar í vökvann í 5 til 10 mínútur. Gakktu úr skugga um að það séu engar loftbólur. Eftir að þetta hefur legið í tilskildan tíma, án þess að taka einingarnar úr lausninni, skaltu þrifa þær að innan og utan með mjúkum bursta eins og hér segir. Gættu sérstaklega að rifum og holum. <ul style="list-style-type: none"> • Púði/hólf/höfuðfestingar Burstað í 1 mínútu Skolaðu einingarnar eins og hér segir undir rennandi vatni¹ (≤60 °C) sem rennur beint yfir allt yfirborð eininga. <ul style="list-style-type: none"> • Púði/hólf Skolað í 30–60 sekúndur • Höfuðfestingar Skolað í 1 mínútu og kreist nokkrum sinnum
3. Skoðun og þurrkun	<ol style="list-style-type: none"> Skoðaðu og endurtaktu þrepin í hluta [2. Hreinsun] ef þess reynist þörf þar til allt er sýnilega hreint.² Kreistu megnið af vatninu úr höfuðfestingunum. Leyfðu einingunum að loftþorna en ekki í beinu sólarljósi.³
4. Sótthreinsun	<ol style="list-style-type: none"> Dýfðu grímueiningunum í heitt vatnsbað¹ og notaðu eina af eftirtöldum hita-tíma samsetningum: <ul style="list-style-type: none"> • 75 °C í 30 mínútur • 80 °C í 10 mínútur • 90–93 °C í 1 til 10 mínútur. Kreistu megnið af vatninu úr höfuðfestingunum. Leyfðu einingunum að loftþorna en ekki í beinu sólarljósi.
5. Skoðun	Skoðaðu hverja grímueiningu. Ef það er sýnilegt slit á grímueiningu (sprungur, rifur, rispur, o.s.frv.) skal viðkomandi grímueiningu fargað og skipt út. Silíconeingar eiga það til að upplitast dálftið og það telst ásættanlegt.
6. Að setja aftur saman	Settu grímuna aftur saman í samræmi við leiðbeiningar í notendahandbókinni.
7. Geymsla og flutningur	Fyrir upplýsingar um geymslu og flutning, sjá notendahandbókina.

¹ Fyrir öll þrepin við hreinsun, skolun og sótthreinsun skaltu nota hreint drykkjarvatn. Þar sem reglur staðarins kveða á um tiltekin vatnsgæði fyrir endurvinnslu lækningatækja er nauðsynlegt að fylgja slíkum kröfum.

² Ef grímueiningar eru ekki hreinsaðar í samræmi við leiðbeiningar getur það orsakað ófullnægjandi sótthreinsun.

³ Ekki er nauðsynlegt að þurrka einingar ef farið er í sótthreinsun með hita beint í kjölfarið.

Aðferð við sótthreinsun með hita - sótthreinsandi þvottavél

1. Að taka í sundur	Taktu grímuna í sundur í samræmi við leiðbeiningar í notendahandbókinni.																								
2. Sótthreinsandi þvottavél¹	<p>1. Dýfðu grímueiningunum í 5 lítra af köldu kranavatni¹ og skolaðu í 1 mínútu. Gakktu úr skugga um að það séu engar loftbólur í einingunum.</p> <p>2. Skolaðu allar einingar undir rennandi, köldu kranavatni¹ í 30 sekúndur. Gakktu úr skugga um að innra yfirborð eininga sé skolað.</p> <p>3. Flyttu einingarnar í sótthreinsandi þvottavél sem samræmist ISO röð 15883. Setjið staðlaða rammabúnaðinn á úðarastút³ til að auðvelda vatnsflæði í gegnum grímuslönguna. Snúa skal einingum til að tryggja að það leki vel úr þeim.</p> <p>4. Stílltu sótthreinsandi þvottavélina með eftirfarandi stillingum:</p> <table border="1"> <thead> <tr> <th>Fasi/stig</th> <th>Hringrásartími (mínútur)</th> <th>Hitastig (°C)</th> <th>Hreinsiefni</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>Forþvottur</td> <td>4</td> <td>Kalt</td> <td>–</td> </tr> <tr> <td>Þvo</td> <td>10</td> <td>43–60</td> <td>2–10 mL/L (0,2–1%) neodisher MediClean forte</td> </tr> <tr> <td>Hlutleysing</td> <td>6</td> <td>43–60</td> <td>1–2 mL/L (0,1–0,2%) neodisher Z</td> </tr> <tr> <td>Loka skolun</td> <td>3</td> <td>43–60</td> <td>–</td> </tr> <tr> <td>Sótthreinsun með hita</td> <td>5–10</td> <td>90–93</td> <td>–</td> </tr> </tbody> </table>	Fasi/stig	Hringrásartími (mínútur)	Hitastig (°C)	Hreinsiefni	Forþvottur	4	Kalt	–	Þvo	10	43–60	2–10 mL/L (0,2–1%) neodisher MediClean forte	Hlutleysing	6	43–60	1–2 mL/L (0,1–0,2%) neodisher Z	Loka skolun	3	43–60	–	Sótthreinsun með hita	5–10	90–93	–
Fasi/stig	Hringrásartími (mínútur)	Hitastig (°C)	Hreinsiefni																						
Forþvottur	4	Kalt	–																						
Þvo	10	43–60	2–10 mL/L (0,2–1%) neodisher MediClean forte																						
Hlutleysing	6	43–60	1–2 mL/L (0,1–0,2%) neodisher Z																						
Loka skolun	3	43–60	–																						
Sótthreinsun með hita	5–10	90–93	–																						
3. Skoðun og þurrkun	<p>1. Skoðaðu og endurtaktu þrepin í hluta [2. Sótthreinsandi þvottavél] þar til sýnilega hreint².</p> <p>2. Kreistu megnið af vatninu úr höfuðfestingunum.</p> <p>3. Leyfðu einingunum að loftþorna en ekki í beinu sólarljósi.</p>																								
4. Skoðun	Skoðaðu hverja grímueiningu. Ef það er sýnilegt slit á grímueiningum (sprungur, rifur, rispur, o.s.frv.) skal viðkomandi grímueiningu fargað og skipt út. Sílíkoneiningar eiga það til að upplitast dálítið og það telst ásættanlegt.																								
5. Að setja aftur saman	Settu grímuna aftur saman í samræmi við leiðbeiningar í notendahandbókinni.																								
6. Geymsla og flutningur	Fyrir upplýsingar um geymslu og flutning, sjá notendahandbókina.																								

¹ Fyrir öll þrepin við hreinsun, skolun og sótthreinsun skaltu nota hreint drykkjarvatn. Þar sem reglur staðarins kveða á um tiltekin vatnsgæði fyrir endurvinnslu lækningatækja verður að fylgja slíkum kröfum.

² Ef grímueiningar eru ekki hreinsaðar í samræmi við leiðbeiningar getur það orsakað ófullnægjandi sótthreinsun.

³ Nota skal hleðslutæki/rekka fyrir sótthreinsandi þvottavél með úðara-/innspýtingarstútum.



ALMENNAR AÐVARANIR OG VARNADARORÐ

- Alltaf skal fylgja leiðbeiningum um hreinsun og sótthreinsun. Sumar hreinsivörur geta skaddað grímuna, einingar hennar og virkni þeirra eða skilið eftir efnaleifar sem eru hættulegar við innöndun. Öll frávik frá aðferðum sem lýst er í þessum leiðbeiningum, ásamt því að fara yfir tilgreindan hámarksfjölda hreinsana, getur haft neikvæð áhrif á grímuna og þar af leiðandi öryggi og gæði meðferðarinnar.
- Grímueiningar á ekki að sótthreinsa með gufusæfingu eða etýlenoxíðgasi.
- Þegar notuð eru hreinsiefni, sótthreinsandi efni eða sótthreinsunarbúnaður skal alltaf fylgja leiðbeiningum framleiðanda. Ef það er ósamræmi á milli þessara leiðbeininga og leiðbeininga framleiðanda skulu þessar leiðbeiningar hafa forgang.
- Það skal alltaf fylgja reglum um öruggt verklag, þar með taldar reglur um viðeigandi persónuhlífar eftir þörfum. Sjá öryggisleiðbeiningar framleiðanda fyrir nánari upplýsingar.